

## ERINDISBRÉF

### Starfshópur um uppbyggingu leikskóla

**Ábyrgðarmaður:** Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri

#### Inngangur:

Undirbúningur að uppbyggingu leikskóla í Helgafellshverfi hefur staðið yfir frá árinu 2020. Í upphafi var gert ráð fyrir 110 barna leikskóla en síðar var ákveðið að leikskólinn yrði fyrir 150 börn. Hönnuður verksins eru Kanon arkitektar en í sumar var boðin út jarðvegsvinna til að undirbúa byggingu skólans.

Mosfellsbær hefur stefnt að því að bjóða öllum 12 mánaða börnum upp á leikskólapláss.

#### Hlutverk starfshóps:

Að móta tillögur og aðgerðaáætlun til næstu fimm ára um uppbyggingu leikskóla í Mosfellsbæ í samráði við bæjarráð og fræðslunefnd.

#### Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Greina íbúafjölda með tilliti til fjölgun barna frá 12 mánaða í Mosfellsbæ næstu fimm árin.
- Leggja mat á þörf á ungbarnaplássum og leikskólaplássum til næstu fimm ára.
- Skoða möguleika á fjölgun barna í núverandi húsnæði leikskóla/leikskóladeilda við samrekna skóla með tilliti til stærðar og mögulegra breytinga á húsnæði.
- Gera staðarvalsgreiningu fyrir aukið húsnæði leikskóla með tilliti til innviða sem fyrir eru og skipulagslegra þátta.
- Greina möguleika á að endurskoða hönnun á fyrirhuguðum leikskóla í Helgafellslandi m.t.t. stærðar og efnisvals.

#### Starfshópurinn skipa:

- Aldís Stefánsdóttir, bæjarfulltrúi B lista, formaður
- Lovísa Jónsdóttir, bæjarfulltrúi C lista
- Dagný Kristinsdóttir, bæjarfulltrúi L lista
- Linda Udengård, framkvæmdastjóri fræðslu-og frístundasviðs
- Jóhanna Hansen framkvæmdastjóri umhverfissviðs
- Lárus Elíasson, verkefnastjóri á umhverfissviði
- Gunnhildur Sæmundsdóttir, leikskólafulltrúi á fræðslusviði



**Starfsmaður starfshópsins:**

Magnea Ingimundardóttir, verkefnastjóri

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan bæjarkerfisins hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á. Ennfremur er lögð áhersla á samstarf við hagaðila skólasamfélagsins s.s foreldra og skólastjórnendur.

**Starfstímabil og skil:**

Starfshópurinn starfi á tímabilinu 13. október til 1. nóvember 2022.

Reykjavík, 13. október 2022

---

Regína Ásvaldsdóttir  
bæjarstjóri

